

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Mosfellsbæ.

## I. KAFLI

### Gildissvið.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar.

## II. KAFLI

### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

#### 2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, verlanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o.fl.

Með leiktækjasal er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn greiðslu.

#### 3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

#### 4. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

#### 5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verlanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

#### 6. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

#### 7. gr.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

## III. KAFLI

**Umgenishættir og hreinlæti á almannafæri.**

## 8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma ekki þar hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki má ekki mála eða teikna og ekki festa upp auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanna. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm.

## 9. gr.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, er bannað að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Óheimilt er með öllu að fleygja eða skilja eftir sorp á almannafæri heldur skal hver íbúi gæta velsæmis í umgengni við náttúruna og umhverfi sitt og setja umbúðir og sorp í þar til gerð ílát.

## 10. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

**Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.**

## 11. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri, ef það veldur hættu eða óþægindum.

Mengandi efnum svo sem spilliefnum og þess háttar efnum er óheimilt að farga eða sleppa nema á viðurkenndum móttökustað.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðanda skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skal ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

## 13. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Lögreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

## 14. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er með öllu bönnuð.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá því, t.d. vegna eyðingar vargfugls og villtra dýra, svo og á sérstökum æfingasvæðum sérstaklega merktum og samþykktum af lögreglustjóra.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Þegar ætla má að sprengivinnu geti valdi íbúum í nálægðri byggð ónæði skal gera þeim viðvart.

## 15. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

## 16. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjarverfræðings og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í samt lag sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendum sé séð fyrir gangbraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig, að umferð sé óhindruð um götur á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, á kostnað þess sem verkið átti að vinna. Áður en lögreglustjóri grípur til þess að framkvæma á kostnað þess sem verkið átti að vinna, skal hann gefa viðkomandi hæfilegan frest til þess að bæta úr ella megi viðkomandi búast við því að verkið verði unnið á hans kostnað.

## 17. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Húsbyggjanda er óheimilt að staðsetja byggingarefni, vinnuskúra, gáma eða annan búnað utan eigin lóðar nema með sérstöku samþykki byggingaryfirvalda.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

18. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Jafnframt getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

19. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

#### IV. KAFLI

##### Um ökutæki, umferð o.fl.

20. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð.

Hámarkshraði vélknúinna ökutækja í bæjarfélaginu ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga og gildandi samþykktum um umferð í Mosfellsbæ á hverjum tíma.

21. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Umferð, vörubifreiða, sendibifreiða sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, fólksflutningabifreiða sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd og vinnuvéla, um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slyshættu, ónæðis eða óþæginda fyrir íbúa og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði sem undanþágan nær til.

22. gr.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loft- og hljóðmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að slíkt geti valdið óþægindum fyrir íbúa og vegfarendur.

23. gr.

Lögreglustjóri getur, að tillögu bæjarstjórnar, bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningavagna, kerra, flutninga- og eftirvagna og þess háttar tækja á lóðum, götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúum ónæði. Vöruflutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðarhúsaahverfum eða almenningsbifreiðastæðum, nema þau séu til þess ætluð. Bannið gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Óheimilt er að geyma gáma, stóra báta og tæki á lóðum sem þykja geta valdið íbúum ónæði.

Heimilt er að flytja burt og taka í vörslu lögreglu bifreiðar, sem standa án skráningar-númera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða

umráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar. Varðandi frekari heimildir um brottflutning ökutækja vísast til 110. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og samþykktu um umgengni og þrífnað í Mosfellsbæ, nr. 323/2001.

## 24. gr.

Allur akstur vélknúinna torfæruhjóla, svo sem fjórhjóra er bannaður innan bæjarlandsins. Bæjarstjórn getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum. Akstur vélsleða um götur bæjarins er bannaður nema í þágu björgunar- og slysavarna.

## 25. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki standa fyrir skemmtunum eða leikjum, sem hindra umferð.

Bannað er að hanga aftan í bifreiðum sem eru á ferð um göturnar.

## 26. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

## 27. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrífnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## 28. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir. Ekki má riða eða reka hesta um götur eða göngustíga í þéttbýli bæjarins. Umferð hesta í þéttbýli má aðeins vera í samþykktum hesthúshverfum eða á þar til gerðum reiðstígum.

## V. KAFLI

**Um götuspjöld og húsnúmer.**

## 29. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

## VI. KAFLI

**Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.**

## 30. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er að jafnaði óheimil, þó er heimilt í nýjum hverfum að skipuleggja blandaða byggð enda sé það í samræmi við aðalskipulag og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en 4 ára og bundið við nafn leyfishafa. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn, með þriggja mánaða fyrirvara, afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal jafnan hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá, sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Bæjarstjórn getur sett reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir til.

Enginn má reka leiktækjasal, knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjórinn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum í leiktækjasölum. Börnum yngri en 18 ára er ekki heimill aðgangur að spilakössum.

Miða skal aldur við fæðingarár ekki fæðingardag.

Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 til 23.30 daglega.

### 31. gr.

Verslanir, söluturnar, bensínstöðvar og aðrir þeir er versla með eða afhenda vöru sem ætla má að valdið geti óþrifum í umhverfinu svo sem drykkjarilát og aðrar umbúðir skulu hafa sorpílát á aðgengilegum stað innan- og utandyra fyrir viðskiptavinum sína.

### 32. gr.

Veitingastöðum er heimilt að hafa opið frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur bæjarstjórn þó takmarkað opnunartíma hans.

Um veitingastaði þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, gildir að þeim skal lokað þegar heimiliðum veitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju fyrr en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiliðum veitingatíma áfengisveitinga lýkur. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en einni klukkustund eftir að lokað er.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálts, enda standi ekki lög eða aðrar reglur gegn frjálsum opnunartíma.

### 33. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

Þar sem heimilt er að sýna nektardans á næturklúbbi (nektardansstað), er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar í lokuðu rými eru óheimilar.

VII. KAFLI

**Almenn verndarákvæði er varða börn.**

34. gr.

Um útivistartíma barna gilda ákvæði 92. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

35. gr.

Um sölu tóbaks gilda ákvæði 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

VIII. KAFLI

**Um hundahald, kattahald, búfjárhald o.fl.**

36. gr.

Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum þar um s.s. samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, samþykkt um búfjárhald o.s.frv.

IX. KAFLI

**Um gildi samþykktarinnar, viðurlög við brotum o.fl.**

37. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykkt þessari, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er með samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

38. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngrri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

39. gr.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Mosfellsbæ nr. 482, 25. október 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 2006.*

**Björn Bjarnason.**

*Ragna Árnadóttir.*